

Starfsemi Gildis – lífeyrissjóðs 2016


Hrein eign sjóðsins í árslok var 472 milljarðar króna og hækkaði um 12 milljarða á milli ára. Mikil styrking íslensku krónunnar á árinu hafði neikvæð áhrif á afkomuna. Á árinu greiddu um 50.600 sjóðfélagar til Gildis og um 20.300 manns fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum.

Eignir


Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 467.576 m.kr. í árslok 2016 og hækkaði á árinu um 11.655 m.kr. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2016 var 4.111 m.kr. og hækkaði um 98,3 m.kr. frá fyrra ári.

Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:

- 30,2%** Ríkistryggð skuldabréf
- 26,4%** Erlend verðbréf
- 20,7%** Innlend hlutabréf
- 10,3%** Önnur skuldabréf
- 6,8%** Skuldabréf fyrirtækja
- 4,0%** Sjóðsfélagalán
- 1,7%** Innlán og aðrar eignir



Mikil styrking íslensku krónunnar gagnvart helstu myntum hafði neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins á árinu en hlutfall eigna í erlendri mynt nam 27,1% í árslok. Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var 2,0% samanborið við 9,0% lækkun Úrvalsvísitala Nasdaq Iceland (OMX18). Nafnávöxtun skuldabréfa og innlána var 5,9%.



Stjórn sjóðsins

Harpa Ólafsdóttir (formaður), Gylfi Gíslason (varaformaður), Áslaug Hulda Jónsdóttir, Elínbjörg Magnúsdóttir, Guðmundur Ragnarsson, Hjörtur Gíslason, Konráð Alfredsson, Þórunn Liv Kvaran.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

Efnahagsreikningur

	2016	2015
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	221.474	219.954
Skuldabréf	241.430	227.955
Bankainnstæður	6.043	9.708
Aðrar fjárfestingar	57	76
Kröfur	2.647	2.262
Varanlegir rekstrarfjármunir	367	370
Skuldir	-331	-391
Hrein eign til greiðslu lífeyris	471.687	459.934

Breytingar á hreinni eign

	2016	2015
Iðgjöld	19.354	17.610
Lífeyrir	-14.348	-13.441
Framlag ríkisins vegna örorku	1.301	1.180
Hreinar fjárfestingartekjur	5.921	44.785
Rekstrarkostnaður	-742	-664
Aðrar tekjur (gjöld)	268	-424
Hækkun á hreinni eign á árinu	11.753	49.046
Hrein eign frá fyrra ári	459.934	409.024
Hækkun á hreinni eign v. breyttra reikningskilaaðferða		1.864
Hrein eign til greiðslu lífeyris	471.687	459.934

Kennitölur samtryggingardeildar

	2016	2015
Hrein nafnávöxtun	1,2%	10,6%
Hrein raunávöxtun	-0,9%	8,4%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	5,7%	6,5%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	0,1%	1,1%
Eign umfram heildarskuldbindingar (%)	-2,7%	1,4%
Fjöldi sjóðfélaga	30.761	30.846
Fjöldi launagreiðenda	5.449	5.081
Fjöldi lífeyrisþega	20.331	19.365

Ársfundur 2017

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 27. apríl kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.